

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 8. apríl 2022.

Mál nr. 181/2021:

Protabú Sameinaðs Sílikons hf.

(Geir Gestsson lögmaður)

gegn

Ernst & Young ehf. og

Rögnvaldi Dofra Péturssyni

(Tómas Jónsson lögmaður)

Lykilorð

Hlutafélag. Hlutafé. Greiðsla. Endurskoðandi. Sérfræðiábyrgð. Skaðabætur. Protabú. Sératkvæði.

Útdráttur

Protabú S hf. höfðaði mál gegn E ehf. og R og krafðist skaðabóta á grundvelli saknæmrar háttsemi þeirra við gerð sérfræðiskýrslu á grundvelli 6. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Laut skýrslan að verðmæti greiðslu U B.V. fyrir 405.280.000 hluti í S hf. en greitt var fyrir hlutina með öllum hlutum í G ehf. Byggði protabúið á því að E ehf. og R hefðu valdið því tjóni þar sem greiðsla U B.V. fyrir hlutaféð hefði verið ófullnægjandi og þá fjármuni hafi því vantað í sjóði S hf. Þegar félagið fór í prot. Í dómi Landsréttar kom fram að sérfræðiskýrslan hefði hvorki verið haldin þeim annmarka að stuðst væri við tekjur af leigusamningi G ehf. við S hf. sem aldrei hefði verið ætlunin að efna né að horft hefði verið fram hjá hluta af skuldum G ehf. við matið. Aftur á móti var talið að ekki yrði önnur ályktun dregin af matsgerð dómkvadds matsmanns, sem aflað var undir rekstri málsins í héraði og hefði ekki verið hnekk, en að forsendur sérfræðiskýrslunnar hefðu verið ófullnægjandi um ávöxtunarkröfu og rekstrarkostnaðarhlutfall G ehf. Þegar jafnframt væri litið til takmarkaðs rökstuðnings fyrir niðurstöðu sérfræðiskýrslunnar yrði að líta svo á að hún hefði ekki verið unnin af þeirri kostgæfni sem ætlast yrði til í ljósi tilgangs 6. gr. laga nr. 2/1995, sbr. 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Var því á það fallist að E ehf. og R hefðu að þessu leyti sýnt af sér saknæma vanrækslu við gerð hennar og bakað sér skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem af því hlaust. Með skýrslunni hefðu E ehf. og R stuðlað að því að greiðsla U B.V. fyrir hluti í S hf. hefði verið lægri en sem nam nafnverði þeirra í andstöðu við 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995 og var litið svo á að S hf. hefði orðið fyrir tjóni sem næmi mismun á nafnverði hlutanna og hæsta mögulega verði hlutanna samkvæmt matsgerð dómkvadds matsmanns. Ekki voru talin rök til þess að protabúið bæri tjónið á grundvelli reglna um eigin sök og ekki var heldur fallist á að það hefði sýnt af sér tómlæti þannig að skaðabótakrafa þess hefði fallið niður. Var E ehf. og R því sameiginlega gert að greiða protabúinu 114.280.000 krónur í skaðabætur auk vaxta.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason og Jóhannes Sigurðsson og Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 19. mars 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 2021 í málinu nr. E-3800/2018.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu verði gert að greiða honum óskipt 405.280.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. janúar 2017 til 13. nóvember 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara lækkunar á kröfu áfrýjanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Atvikum málsins er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar er gerð grein fyrir lýtur málið að sérfræðiskýrslu 29. desember 2016 sem stefndi, Rögnvaldur Dofri Pétursson, endurskoðandi hjá stefnda, Ernst & Young ehf., gerði samkvæmt 6. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Skýrsluna vann hann í tengslum við hækkun hlutafjár í Sameinuðu Sílikoni hf. allt að 16 milljónum evra. Þar segir að á hluthafafundi í félaginu 3. nóvember 2016 hafi verið samþykkt að hollenska félagið USI Holding B.V. mætti greiða 405.280.000 krónur af hlutafjárhækkuninni með hlutabréfum í Geysi Capital ehf. sem væru að nafnverði 25.500.000 krónur. Í skýrslunni er vísað til þess að verðmæti einkahlutafélagsins hafi verið metið af ráðgjafasviði Ernst & Young ehf. á grundvelli leigusamnings um útleigu lóðarinnar að Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ, sem félagið væri þinglýstur eigandi að, að teknu tilliti til áætlaðs rekstrarkostnaðar og skatta auk hæfilegrar ávöxtunarkröfu. Samkvæmt verðmatinu væri heildarvirði Geysis Capital ehf. 4,7 til 5,2 milljónir evra sem svaraði til 437,6 til 495,8 milljóna króna að teknu tilliti til vaxtaberandi skulda miðað við gengisskráningu 6. desember 2016 þegar áskriftarsamningur að nýju hlutafé í Sameinuðu Sílikoni hf. var samþykktur. Í samræmi við þetta staðfesti stefndi Rögnvaldur Dofri að verðmæti greiðslunnar svaraði að minnsta kosti til hlutfjár í Sameinuðu Sílikoni hf. að nafnverði 405.280.000 krónur. Fyrirtækjaskrá var tilkynnt um hækkun hlutafjár að þessu leyti 17. janúar 2017 og var sérfræðiskýrslan meðfylgjandi.
- 5 Um önnur atvik sem þýðingu hafa í málinu er vísað til hins áfrýjaða dóms. Þar er meðal annars vikið að minnisblaði KPMG, sem skiptastjóri áfrýjanda aflaði um verðmat á hlutafé í Geysi Capital ehf. eftir að Sameinað Sílikon hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að virði eigin fjár í félaginu, miðað við heildarvirði að fjárhæð 4,7 til 5,2 milljónir króna, hafi á umræddum tíma

átt að nema 8 til 67 milljónum króna, að teknu tilliti til skulda félagsins samkvæmt ársreikningi 2016. Í héraðsdómi er einnig gerð grein fyrir niðurstöðu matsgerðar dómkvadds matsmanns sem stefndi aflaði undir rekstri málsins í héraði. Þar er talið að „virði og eðlilegt kaupverð“ alls hlutafjár í Geysi Capital ehf. 29. desember 2016 hafi verið á bilinu 205.000.000 til 291.000.000 króna.

- 6 Krafa áfrýjanda er í stuttu máli á því reist að hlutaféð í Geysi Capital ehf. hafi í raun verið verðlaust eða til muna verðminna en fram kemur í framangreindri sérfræðiskýrslu. Hafi stefndu sýnt af sér stórfellt gáleysi við gerð hennar og kveður áfrýjandi að háttsemi stefndu hafi gert USI Holding B.V. kleift að eignast 405.280.000 hluti í Sameinuðu Sílikoni hf. án þess að láta nokkuð af hendi, ellegar þá gegn litlu, í andstöðu við 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995, en samkvæmt ákvæðinu má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans. Með því hafi stefndu valdið áfrýjanda tjóni að sömu fjárhæð þar sem fjármunina hafi vantað í sjóði þrotabúsins. Beri stefndu að bæta áfrýjanda tjónið á grundvelli almennu skaðabótareglunnar.
- 7 Stefndu mótmæla því að sérfræðiskýrslan sé röng og að þeir hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gerð hennar. Þá telja þeir að áfrýjandi geti ekki haft uppi þá kröfu sem hann geri vegna aðildarskorts. Jafnframt byggja stefndu á því að ekki hafi verið sýnt fram á að áfrýjandi hafi beðið tjón af háttsemi stefndu. Þá vísa stefndu að lokum til eigin sakar áfrýjanda, auk röksemda um tómlæti af hans hálfu.
- 8 Auk þeirra gagna sem lögð voru fyrir héraðsdóm lagði áfrýjandi fyrir Landsrétt úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 17. september 2019 sem heimilaði leit í húsnæði stefnda, Ernst & Young ehf., í þágu rannsóknar á sakamáli, virðisaukaskattskýrslur Geysis Capital ehf. 2014 til 2016, virðisaukaskattskýrslur Sameinaðs Sílikons hf. frá sama tíma, millifærslukvittanir vegna greiðslna út af bankareikningi Geysis Capital ehf. 8. desember 2016, afrit af ýmsum ákvæðum úr siðareglum endurskoðenda, ársreikning Regins hf. 2016, fjárfestakynningu Regins hf. vegna uppgjörs ársins 2020 og alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 38 um óefnislegar eignir.
- 9 Stefndu lögðu fyrir Landsrétt tölvupósta Péturs Richter og Jónasar Jónatanssonar, þáverandi starfsmanna Arion banka hf., frá 10. júlí og 2. september 2014, tölvupóst og bréf Sigurðar Valgeirs Guðjónssonar, lögmanns lífeyrissjóða sem fjárfest höfðu í Sameinuðu Sílikoni hf., frá 12. og 26. október 2016, reikningsyfirlit tilgreinds reiknings Geysis Capital ehf. frá 2015, upplýsingar úr hlutafélagaskrá um Kísil Ísland hf. og Geysi Capital ehf., hluta af úrskurði héraðsdóms Reykjaness 6. maí 2021 í máli nr. X-1684/2019, tölvupóstskipti lögmanns við héraðssaksóknara frá nóvember 2019, bréf skiptastjóra áfrýjanda til lögmanns stefndu 28. ágúst 2018 og málskostnaðaryfirlit áfrýjanda fyrir héraðsdómi.
- 10 Stefndi Rögnvaldur Dofri gaf viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti. Þá gáfu vitnin Sigurður Valgeir Guðjónsson, Pétur Richter og Jónas Jónatansson skýrslu fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 11 Í máli þessu krefst áfrýjandi skaðabóta úr hendi stefndu á grundvelli saknæmrrar háttsemi við gerð sérfræðiskýrslu 29. desember 2016. Eins og rakið hefur verið laut skýrslan að verðmæti greiðslu USI Holding B.V. fyrir 405.280.000 hluti í Sameinuðu Sílikoni hf. en greitt var fyrir hlutina með öllum hlutum í Geysi Capital ehf. að nafnverði 25.500.000 krónur. Síðastnefnda félagið átti lóð að Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ þar sem verksmiðja í eigu Sameinaðs Sílikons hf. var staðsett. Á þeim tíma sem hér skiptir máli var í gildi leigusamningur milli Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. frá 15. júlí 2014 og viðauki við hann frá 14. nóvember sama ár.
- 12 Eins og áður segir byggir áfrýjandi á því að stefndu hafi valdið áfrýjanda tjóni þar sem greiðsla USI Holding B.V. fyrir framangreint hlutafé hafi verið ófullnægjandi. Þá fjármuni hafi því vantað þegar félagið fór í þrot. Samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tekur þrotabú skuldara við öllum fjárhagslegum réttindum sem skuldarinn átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Það á meðal annars við um ætlaða skaðabótakröfu skuldara. Í því ljósi er ekki efni til annars en að líta svo á að áfrýjandi sé réttur aðili að máli þessu til sóknar. Röksemdum stefndu fyrir sýknu á grundvelli aðildarskorts er því hafnað.
- 13 Sérfræðiskýrsla stefndu var unnin og lögð fram á grundvelli 6. gr. laga nr. 2/1995, sbr. 37. gr. sömu laga. Í 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að skýrsla af þessum toga skuli geyma yfirlýsingu um að verðmæti, sem hlutafélag tekur við í öðru en reiðufé, svari að minnsta kosti til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þeirra hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Í ákvæðinu segir að endurgjaldið megi ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra má verðmæti þessi til eignar í reikningum félagsins. Sérfræðiskýrsla samkvæmt 6. gr. laganna skal unnin af einum eða fleiri óháðum, sérfróðum mönnum, annaðhvort löggiltum endurskoðendum eða lögmönnum eða öðrum sérfróðum mönnum sem dómkvaddir eru á heimilisvarnarþingi félagsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Fram kemur að lagaákvæði um löggilta endurskoðendur eigi við um sérfræðinga þá sem semja skýrsluna eftir því sem við á. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna eiga þeir sem fengnir eru til starfans rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og geta krafist þeirra upplýsinga og aðstoðar af stofnendum eða félaginu sem þeir telja þörf á til að geta rækt starf sitt.
- 14 Reglum laganna um þessi atriði er ætlað að staðfesta að hlutir í félagi séu greiddir réttu verði, sbr. 1. mgr. 16. gr. þeirra, meðal annars svo að hagsmunir kröfuhafa verði ekki fyrir borð bornir. Sérfræðingar sem leggja mat á verðgildi verðmæta, sem notuð eru til að greiða fyrir hlut í félagi, verða eins og fram er komið að vera óháðir félaginu og hluthöfum þess og hafa sérstakar rannsóknarheimildir til að afla nauðsynlegra gagna. Af þessu verður að draga þá ályktun að þeim beri að leggja sjálfstætt mat á þau gögn sem þýðingu geta haft á grundvelli faglegra forsendna og komast að

afdráttarlausri niðurstöðu um það hvort verðgildið svari að minnsta kosti til nafnverðs hlutafjárins. Fyrirmæli hlutafélagalaga að þessu leyti koma því í veg fyrir að samið sé um verðmæti greiðslu fyrir hluti í félagi með öðru en reiðufé. Samþykkt hlutafjárfundar í Sameinuðu Sílikoni hf. 3. nóvember 2016, þar sem USI Holding B.V. var heimilað að greiða fyrir hluti í félaginu að nafnverði 405.280.000 krónur með öllum hlutabréfum í Geysi Capital ehf., skipti því engu um það mat sem hinn óháði sérfræðingur átti að vinna. Sama á við um kaupsamning sem gerður var um sama efni 1. desember 2016 milli Sameinaðs Sílikons hf. og USI Holding B.V. Átti sérfræðiskýrslan 29. desember 2016 raunar að liggja fyrir til afnota fyrir hluthafa í tæka tíð áður en fyrrgreind samþykkt 3. nóvember 2016 var gerð. Stefndu geta aftur á móti ekki borið ábyrgð á síðbúinni öflun sérfræðiskýrslunnar.

- 15 Umrædd sérfræðiskýrsla studdist við mat sem starfsmaður á ráðgjafasviði stefnda, Ernst & Young ehf., hafði unnið 10. október 2016 um heildarvirði Geysis Capital ehf. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi var það mat reist á sjóðstreymi félagsins þar sem væntar leigutekjur samkvæmt fyrrgreindum leigusamningi 15. júlí 2014 vegna lóðarinnar að Stakksbraut 9 voru lagðar til grundvallar. Áfrýjandi telur að ekki hafi verið unnt að styðjast við þær leigutekjur við verðmatið, enda leigusamningurinn gerður milli tengdra aðila, og að aldrei hafi staðið til að inna af hendi greiðslur samkvæmt honum.
- 16 Eins og rakið er í héraðsdómi var með fjárfestingasamningi milli USI Holding B.V. og annars hollensks félags, Silicon Mineral Ventures B.V., 14. febrúar 2014 samið um framlag þessara aðila til uppbyggingar og reksturs á kísilverksmiðju að Stakksbraut 9 í Helguvík. Virðist sú starfsemi hafa átt að fara fram í félagi sem þá var ekki stofnað en var í samningnum kallað United Silicon hf. Framlag USI Holding B.V. fólst samkvæmt samningnum meðal annars í að útvega lóðina að Stakksbraut 9, auk annarrar þróunarvinnu. Töldu aðilar að þetta framlag væri samtals að verðmæti 10,2 milljónir evra. Við það var miðað að framlaginu væri skipt í þrjá hluta og að fyrsti hlutinn næmi 5,1 milljón evra. Það framlag átti að endurspeglast í hlut USI Holding B.V. í United Silicon hf. við kaup á fyrstu tveimur ofnum verksmiðjunnar. Virðist þá hafa verið gert ráð fyrir því að afnot lóðarinnar og annað framlag á vegum USI Holding B.V. færðist til United Silicon hf. með framsali á öllum hlutum í öðru dótturfélagi USI Holding B.V., Stakksbraut 9 ehf.
- 17 Í kjölfar framangreinds samnings var Sameinað Sílikon hf. stofnað hér á landi en enska heiti félagsins var United Silicon hf. Samkvæmt stofnskjöllum var eignarhald félagsins að nær öllu leyti í höndum hollenska félagsins United Silicon Holding B.V. Með hluthafasamkomulagi 9. júní 2014 milli hluthafa í því félagi, það er USI Holding B.V. og Silicon Mineral Ventures B.V., var nánar fjallað um framlög beggja aðila og skyldur þeirra. Í upphafsorðum samkomulagsins kemur fram að hluthafar hafi sameiginlega unnið að byggingu verksmiðju með einum ofni en ekki tveimur eins og miðað var við í fyrrgreindum fjárfestingarsamningi. Fram kom að USI Holding B.V.

myndi færa nánar tilgreint framlag sitt til Sameinaðs Sílikons hf. með samruna Stakksbrautar 9 ehf. við síðargreinda félagið, að undanskildum langtímaleigusamningi um lóðina þar sem verksmiðjan skyldi rísa. Í 4. gr. samkomulagsins var fjallað um það framlag sem USI Holding B.V. átti að leggja til innan tveggja mánaða frá undirritun þess. Þar kemur meðal annars fram að félagið kæmi til með að sjá til þess að „Stakksbraut 9 ehf. gerði [Sameinuðu Sílikoni hf.] kleift, með leigusamningi eða öðrum hætti“, að nýta lóðina undir verkefnið svo lengi sem aðilar ættu í samstarfi um það.

- 18 Framangreind gögn styðja frásögn þeirra er stóðu að uppbyggingu verksmiðjunnar, þar á meðal framburð vitnisins Friðbjörns Garðarssonar fyrir héraðsdómi, um að fallið hafi verið frá því að færa eignarhald lóðarinnar að Stakksbraut 9 til Sameinaðs Sílikons hf., eins og upphaflega hafi staðið til, þegar ekki hafi náðst að fjármagna verksmiðju með tvo ofna. Í staðinn hafi verið ákveðið að gera langtímaleigusamning til að tryggja afnot Sameinaðs Sílikons hf. af lóðinni, í það minnsta þar til mögulegt yrði að auka afkastagetu verksmiðjunnar.
- 19 Umræddur leigusamningur 15. júlí 2014 milli Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. liggur fyrir í málinu en efni hans er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Leigutími var 60 ár og átti afhending lóðarinnar að fara fram 15. ágúst 2014. Mánaðarleiga var ákveðin 25.000 evrur eða 300.000 evrur á ári og var hún vísitölutengd. Fram kom að leigan væri miðuð við að leigutaki ræki einn bræðsluofn og að hún myndi hækka um 200.000 evrur á ári yrði öðrum ofni bætt við og 100.000 evrur fyrir hvern bræðsluofn sem bættist við eftir það. Sérstaklega var vikið að því í grein 1.3 að leigutaka væri kunn sú forsenda leigusala að ráðast þyrfti í umtalsverðar framkvæmdir á lóðinni sem tengdust starfsemi leigutaka. Þá þyrfti að greiða gatnagerðargjöld, tengigjöld og önnur lóðagjöld til sveitarfélagsins. Í greininni segir að leigusali myndi yfirtaka samning sem leigutaki hefði gert varðandi framkvæmdir á lóð og greiðslu á fyrrgreindum gjöldum og krefja leigutaka um greiðslur samkvæmt samningnum þegar þær féllu í gjalddaga.
- 20 Stakksbraut 9 ehf. afsalaði Geysi Capital ehf. lóðinni að Stakksbraut 15. september 2014 í samræmi við kaupsamning félaganna frá árinu áður. Framlögð gögn bera með sér að Sameinað Sílikon hf. hafi ekki greitt Geysi Capital ehf. lóðarleigu fyrstu mánuði leigutímans. Stefndu hafa lagt fyrir Landsrétt tölvupóst Jónasar Jónatanssonar, starfsmanns Arion banka hf., 2. september 2014. Þar er lýst áhyggjum af því að „peningar færu að hlaðast upp“ í Geysi Capital ehf. vegna leigugreiðslna meðan Sameinað Sílikon hf. væri í framkvæmdum og skuldaði bankanum. Því var lagt til að gerður yrði viðauki við leigusamninginn þar sem leigugreiðslur yrðu takmarkaðar við skuldbindingar Geysis Capital ehf. við bankann. Í tölvupóstinum segir að það fyrirkomulag hefði meðal annars þann kost að eigendur Geysis Capital ehf. eignuðust kröfu á grundvelli leigusamningsins sem svaraði til ávöxtunarkröfu sem leigugreiðslan væri miðuð við en fjármagn nýttist á sama tíma Sameinuðu Sílikoni hf.

Í framhaldinu var gerður viðauki við leigusamninginn 14. nóvember 2014. Þar var samið um að Sameinað Sílikon ehf. kæmi aðeins til með greiða þann hluta leigugreiðslna sem næmi greiðslum samkvæmt lánessamningi leigusala, Geysis Capital ehf. Ógreiddur hluti kröfunnar skyldi aftur á móti mynda skuld leigutaka við leigusala og bera sömu vexti og kveðið væri á um í lánessamningi leigusala. Átti þetta fyrirkomulag að gilda þar til lán leigusala hjá Arion banka hf. væri að fullu greitt. Hefja átti endurgreiðslu þess láns sex mánuðum eftir svonefndan „Consolidation Date“ sem átti í síðasta lagi að verða 7. janúar 2017. Ekki liggur fyrir að gjalddagi fyrstu afborgunar af láninu hafi verið kominn í árslok 2016 þegar sérfræðiskýrslan var gerð.

- 21 Í málinu liggja fyrir útgefnir reikningar Geysis Capital ehf. á hendur Sameinuðu Sílikoni hf. um leigugreiðslur í samræmi við upphaflegan leigusamning að minnsta kosti frá ársbyrjun 2015 til ársloka 2016. Framlagðar millifærslukvittanir og gögn úr bókhaldi Geysis Capital ehf. gefa til kynna að leigutaki hafi á þessum tíma greitt leigusala reglulega fjárhæðir sem námu virðisaukaskatti leigugreiðslna auk annarra greiðslna sem geta samkvæmt framlögðum gögnum einungis átt rót í skuldbindingu leigutaka samkvæmt leigusamningi aðila.
- 22 Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á þá niðurstöðu hans að ekki hafi verið færðar sönnur á þá staðhæfingu áfrýjanda að aldrei hafi verið ætlunin að inna af hendi greiðslur samkvæmt leigusamningnum. Tekið er undir með héraðsdómi að ekkert hafi legið fyrir sem hafi gefið stefndu tilefni til að ætla að leigusamningurinn væri ekki skuldbindandi og að horfa bæri fram hjá honum við mat á verðmæti Geysis Capital ehf. Þótt veittur hefði verið greiðslufrestur á stórum hluta leigugreiðslna, að undirlagi Arion banka hf., var eftir sem áður rétt að líta svo á að leigusamningurinn aflaði félaginu tekna sem óhjákvæmilega höfðu þýðingu við mat á verðmæti hluta í því.
- 23 Ágreiningur aðila um verðmat stefndu á hlutum í Geysi Capital ehf. lýtur enn fremur að því hvort ranglega hafi verið lagt til grundvallar að einungis vaxtaberandi skuldir við Arion banka hf. skyldu dregnar frá heildarverðmæti Geysis Capital ehf. Þær skuldir námu um 200,8 milljónum króna 31. október 2016 samkvæmt árshlutauppgjöri félagsins en um 196,3 milljónum króna samkvæmt ársreikningi félagsins í árslok 2016. Áfrýjandi heldur því fram skuldbinding að fjárhæð 1.500.000 evrur, um 231 milljón króna, við Silicon Mineral Ventures B.V. samkvæmt reikningi 23. maí 2014, hafi þá einnig hvílt á Geysi Capital ehf. Þá hafi Geysir Capital ehf. jafnframt skuldað Reykjaneshöfnum 162 milljónir króna án tillits til virðisaukaskatts vegna framkvæmda á lóðinni. Þessar skuldir hafi, ásamt fyrrgreindri skuld að fjárhæð um 200 milljónir króna vegna láns frá Arion banka hf., átt að dragast frá heildarvirði Geysis Capital ehf.
- 24 Í árshlutauppgjöri Geysis Capital ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. október 2016 kemur fram að viðskiptaskuldir félagsins nemi rúmum 200 milljónum króna í lok þess

tímabils, sem svarar að mestu til þáverandi skuldastöðu við Reykjaneshöfn með virðisaukaskatti. Áður hefur verið vikið að því að í grein 1.3 í leigusamningi Geysis Capital ehf. við Sameinað Sílikon hf. frá 2014 hafi verið mælt fyrir um að fyrrgreinda félagið ætti kröfu á hið síðargreinda vegna framkvæmda á lóð þegar þær kröfur féllu í gjalddaga. Ágreiningslaust er að þetta ákvæði leigusamningsins hafi tekið til umræddrar skuldar við Reykjaneshöfn. Í málinu liggja fyrir gögn sem gefa til kynna að Reykjaneshöfn hafi frá og með gerð leigusamningsins litið svo á að Sameinað Sílikon hf. væri skuldari kröfunnar. Reykjaneshöfn bakfærði þannig reikninga á hendur Geysi Capital ehf. vegna kröfunnar og beindi þess í stað reikningum að Sameinuðu Sílikoni hf. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er á það fallist að við mat á verðmæti hluta í Geysi Capital ehf. í lok árs 2016 hafi ekki borið að draga umrædda skuld við Reykjaneshöfn frá heildarvirði félagsins.

- 25 Árshlutauppgjör Geysis Capital ehf. sem undirritað var 16. nóvember 2016 bar ekki með sér að á félaginu hvíldi skuld í lok október að fjárhæð um 231 milljón króna. Í málinu liggur fyrir samningur 31. október 2016 milli Kísils Íslands hf., Geysis Capital ehf. og Silicon Mineral Ventures B.V. Samkvæmt honum samþykktu félögin að umrædd skuldbinding ásamt eign að sömu fjárhæð, sem þar er nánar útlístuð, færðist til Kísils Íslands hf. Í tengslum við gerð árshlutareikningsins lá meðal annars fyrir staðfesting af hálfu Silicon Mineral Ventures B.V. um framangreindan gerning. Með hliðsjón af framangreindu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður heldur ekki á það fallist að láðst hafi að taka tillit til þessarar skuldar við mat á verðmæti Geysis Capital ehf. 29. desember 2016.
- 26 Samkvæmt framansögðu var sérfræðiskýrslan frá 29. desember 2016 hvorki haldin þeim annmarka að stuðst væri við tekjur af leigusamningi sem aldrei hafi verið ætlunin að efna né að horft hafi verið fram hjá hluta af skuldum Geysis Capital ehf. eins og áfrýjandi hefur haldið fram.
- 27 Eins og áður segir studdist sérfræðiskýrslan 29. desember 2016 nær alfarið við verðmat sem unnið var af starfsmanni ráðgjafarsviðs stefnda, Ernst & Young ehf. Það verðmat liggur fyrir í málinu í skjali sem er dagsett 10. október 2016 og ber yfirskriftina „Samantekt vegna skoðunar á virðismati Geysis Capital ehf.“ Skjalið ber með sér að hafa verið unnið að beiðni stjórnar félagsins. Eins og áður segir var þar komist að þeirri niðurstöðu að heildarvirði Geysis Capital ehf. næmi 4,7 til 5,2 milljónum evra. Það mat byggðist á frjálsu fjárstreymi sem er viðurkennd aðferð við verðmat félaga. Í samantektinni er vikið að tilteknum forsendum, nánar tiltekið að leigutekjur félagsins væru 25.000 evrur á mánuði auk vísitöluhækkunar, að leigutíminn væri til næstu 58 ára, að rekstrarkostnaður næmi um 3,5% af tekjum á ári og að tekjuskattur væri 20% af hagnaði. Sérstaklega var vikið að því að ávöxtunarkrafa væri á bilinu 6% til 6,5% en tekið fram að nákvæmur útreikningur á henni hefði ekki verið gerður. Ekki var þar að finna frekari rök fyrir niðurstöðunni.

- 28 Umræddur starfsmaður stefnda, Ernst & Young ehf., gaf skýrslu fyrir héraðsdómi. Þar rökstuddi hann forsendur samantektarinnar meðal annars með því að vísa til þess að framangreind ávöxtunarkrafa á bilinu 6% til 6,5% hefði á þessum tíma verið notuð hjá fasteignafélögum. Þá hefði hann horft til þess rekstrarkostnaðar sem legið hefði fyrir hjá Geysi Capital ehf. sem hann taldi raunhæft að meta 3,5% af tekjum félagsins árlega. Í framburði hans kom jafnframt fram að við ákvörðun á ávöxtunarkröfu hefði áhætta af greiðslufalli af hálfu leigutaka, Sameinaðs Sílikons hf., ekki verið metin sérstaklega. Í því sambandi hefði ekki verið litið til þess að hvaða leyti leigusamningurinn hefði verið efndur. Um tilurð samantektarinnar gat starfsmaðurinn þess einnig að komið hefði fram beiðni forsvarsmanna Geysis Capital ehf. um „þennan útreikning að gefnum tilteknum forsendum“ en hann hefði þó sjálfur gefið sér forsendu um ávöxtunarkröfu á grundvelli þekkingar sinnar og reynslu. Kvað hann venjulega skýrslu um verðmat á félagi vera almennt víðtækari en umrædd samantekt og með rökstuddum forsendum.
- 29 Undir rekstri málsins í héraði öfluðu stefndu matsgerðar dómkvaddis matsmanns um eðlilegt kaupverð allra hluta í Geysi Capital ehf. 29. desember 2016. Erlendur Davíðsson hagfræðingur var dómkvaddur til að vinna matið. Matsgerð hans var lögð fram í héraðsdómi 4. febrúar 2020. Við matið studdist matsmaður við sömu viðurkenndu aðferð og notuð var í framangreindri samantekt á heildarverðmæti félagsins. Matsgerðin er ítarleg og faglega unnin þar sem forsendur verðmatsins eru vandlega skilgreindar. Þær forsendur eru hliðstæðar þeim sem byggt var á í samantektinni að öðru leyti en því að rekstrarkostnaður er þar áætlaður 11% af árlegum tekjum og ávöxtunarkrafa (veginn fjármagnskostnaður) er áætluð rúm 8,1%.
- 30 Við ákvörðun rekstrarkostnaðarhlutfalls er í matsgerðinni vísað til þess að miklar sveiflur hefðu verið í rekstrarkostnaði Geysis Capital ehf. samkvæmt ársreikningum og árshlutareikningum félagsins. Uppgefið 11% rekstrarkostnaðarhlutfall væri aftur á móti í samræmi við hlutfallið á fyrstu 10 mánuðum ársins 2016. Þá var um ávöxtunarkröfu á það bent að margir þættir hefðu áhrif á hana og væri nær ómögulegt að reikna „réttu ávöxtunarkröfu með mikilli nákvæmni“. Óvissan gerði það að verkum að ávöxtunarkrafa um rúm 8,1% væri sett fram í grunnspá en að með næmisgreiningu væri sýnt hvernig niðurstaðan breyttist miðað við ólíka ávöxtunarkröfu. Grunnspá í matsgerð, er tók mið af framangreindum forsendum, gerir ráð fyrir því að virði hlutfjár í Geysi Capital ehf. hefði á umræddum tíma verið 245 milljónir króna. Fjallað er ítarlega um grundvöll ávöxtunarkröfunnar samkvæmt grunnspá í matsgerðinni. Þar er litið til lánsfjáarkostnaðar, markaðsálags, sértæks álags og ávöxtunarkröfu eigin fjár auk eiginfjárlutfalls. Í umfjöllun um ávöxtunarkröfu eigin fjár er bent á að um væri að ræða fyrirtæki sem leigt hefði út mjög sérstaka eign með mótaðilaáhættu á einn aðila sem hefði verið hefja starfsemi. Ómögulegt væri að finna sambærileg félög sem væru skráð á markað og reikna „hrá betagildi“ fyrir þau. Nærtækast væri að líta til fasteignapróunarfélaga, þó að þau væru um margt ólík og áhætta þeirra þurfi engan veginn að vera tækt viðmið fyrir áhættu eigin fjár Geysis Capital ehf. Því næst eru

rakin betagildi og skuldsetning slíkra félaga í Evrópu og Bandaríkjunum. Bent er á að langtímalánsfjáarkostnaður Geysis Capital ehf. hefði verið um 6,6%. Ef gengið væri út frá því að hann endurspeglaði vel áhættu lánardrottna félagsins er tekið fram að hann myndi gólf fyrir ávöxtunarkröfu eigin fjár. Samkvæmt því væri betagildi skulda miðað við lánsfjáarkostnað og mat á markaðsálagi 0,99 sem væri töluvert herra en betagildi fasteignapróunarfélaga í Evrópu. Betagildi grunnspár væri 1,25 og miðað við grunnspá væri ávöxtunarkrafa eigin fjár, þegar tekið hefði verið tillit til sértæks álags, um 11%. Það þýddi að álag ofan á áhættulausa vexti væri um 10% sem endurspeglaði meðal annars „berskjöldun félagsins gagnvart leigutaka“.

- 31 Í niðurstöðukafla matsgerðarinnar kemur fram að heildarvirði Geysis Capital ehf. nemi samkvæmt framangreindum forsendum 441 milljón króna 29. desember 2016. Að frádregnum vaxtaberandi skuldum að fjárhæð 196 milljónum króna væri matsvirði hlutafjár í félaginu 245 milljónir króna. Bent var á að töluverð óvissa fylgdi mati af þessu tagi. Stærsti óvissuþátturinn væri mat á rekstrarkostnaði og ávöxtunarkröfu en hún hefði veruleg áhrif á niðurstöðuna. Í þessu ljósi væri niðurstaðan sett fram á bilinu 205 til 291 milljón króna. Samkvæmt töflu er sýndi næmi niðurstöðunnar fyrir ávöxtunarkröfu og rekstrarkostnaðarhlutfalli tekur lægsta gildið mið af 13% rekstrarkostnaðarhlutfalli og 8,7% ávöxtunarkröfu en hæsta gildið miðar við 9% rekstrarkostnaðarhlutfall og 7,7% ávöxtunarkröfu.
- 32 Dómkvaddur matsmaður kom fyrir héraðsdóm og gaf skýrslu. Þar var hann meðal annars spurður hvort eðlilegra hefði verið við verðmatið að miða við fasteignafélög fremur en fasteignapróunarfélög. Svaraði hann á þann veg að við mat á betagildi væri reynt að leggja mat á þá áhættu sem væri undirliggjandi í viðkomandi hlutabréfum. Taldi hann að áhættan í fasteignapróunarfélagunum endurspegladi betur áhættu þessa verkefnis heldur en áhættan í fasteignafélögum.
- 33 Framangreindri matsgerð, sem eins og áður segir er ítarlega rökstudd og reist á faglegum forsendum, hefur ekki verið hnekkkt með yfirmati eða á annan hátt. Ekki eru því efni til annars en að leggja hana til grundvallar við sönnun í málinu. Þó að fallast verði á að verðmat af þessum toga sé háð óvissu vegna matskenndra þátta verður ekki fram hjá því litið að í fyrirliggjandi matsgerð er niðurstaðan sett fram þannig að svigrúm vegna óvissu spannar um þriðjung fjárhæðar samkvæmt grunnspá í niðurstöðukafla hennar. Sé miðað við hæsta mögulega verð hlutanna samkvæmt matsgerð, 291 milljón króna, vantar enn 114.280.000 krónur til að verðmæti hluta í Geysi Capital ehf. hafi náð áskriftarfjárhæð USI Holding B.V. í Sameinuðu Sílikoni hf. Til að svo megi verða þarf, að öðrum forsendum óbreyttum, að leggja til grundvallar ávöxtunarkröfu sem fer niður fyrir langtímalánsfjármagnskostnað Geysis Capital ehf. Verður ekki önnur ályktun dregin af matsgerðinni en að forsendur sérfræðiskýrslunnar 29. desember 2016, sem byggðist á samantekt um verðmat á félaginu 10. október sama ár, hafi verið ófullnægjandi um ávöxtunarkröfu og rekstrarkostnaðarhlutfall Geysis Capital ehf. Þegar jafnframt er litið til þess sem rakið

hefur verið um takmarkaðan rökstuðning fyrir niðurstöðu sérfræðiskýrslunnar verður að líta svo á að hún hafi ekki verið unnin af þeirri kostgæfni sem ætlast verður til í ljósi tilgangs 6. gr. laga nr. 2/1995, sbr. 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Er á það fallist að stefndu hafi að þessu leyti sýnt af sér saknæma vanrækslu við gerð hennar og bakað sér skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem af því hlaut.

- 34 Við hlutafjáraukningu í Sameinuðu Sílikoni hf. í desember 2016 skráði USI Holding B.V. sig fyrir 405.280.000 hlutum sem hver var að nafnverði ein króna. Áskriftarsamningur var gerður 6. desember 2016 og ber hann með sér að hluthafar í Sameinuðu Sílikoni hf. hafi samtals skráð sig fyrir 977.440.000 nýjum hlutum í samræmi við samþykki þeirra 3. nóvember sama ár. Drjúgur hluti hlutafjánhækkunarinnar, sem hluthafar höfðu þannig lofað að leggja Sameinuðu Sílikoni hf. til, var samkvæmt framansögðu greiddur með hlutum í Geysi Capital ehf. Miðað við hæsta forsvaranlega verð hlutanna í Geysi Capital ehf. verður að leggja til grundvallar að verð þeirra í sérfræðiskýrslu stefndu hafi verið ofmetið um 114.280.000 krónur. Með skýrslunni stuðluðu stefndu að því að greiðsla USI Holding B.V. fyrir hlutina var lægri en sem nam nafnverði þeirra, í andstöðu við 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995. Þar vantaði framangreinda fjárhæð upp á fulla greiðslu hlutafjárloforðsins. Ber að líta svo á að Sameinað Sílikon hf. hafi orðið fyrir tjóni sem því nemur.
- 35 Ekki eru rök til þess að áfrýjandi, sem er þrotabúi Sameinaðs Sílikons hf., beri tjónið á grundvelli reglna um eigin sök. Þá verður ekki fallist á með stefndu að áfrýjandi hafi sýnt af sér tómlæti þannig að skaðabótakrafa hans hafi fallið niður. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður stefndu sameiginlega gert að greiða áfrýjanda 114.280.000 krónur í skaðabætur. Ekki er ágreiningur um þá vexti og dráttarvexti sem áfrýjandi gerir kröfu um og verður því á þá fallist.
- 36 Eftir úrslitum málsins og í samræmi við 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða áfrýjanda hluta málskostnaðar hans í héraði og fyrir Landsrétti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndu, Ernst & Young ehf. og Rögnvaldur Dofri Pétursson, greiði áfrýjanda, þrotabúi Sameinaðs Sílikons hf., 114.280.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 17. janúar 2017 til 13. nóvember 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda 2.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Sératkvæði

Eymundar Sveins Einarssonar

- 1 Ég er sammála niðurstöðu meirihluta dómenda um að sérfræðiskýrsla stefnda, Rögnvaldar Dofra Péturssonar, frá 29. desember 2016 hafi hvorki verið haldin þeim annmarka að stuðst væri við tekjur af leigusamningi sem aldrei hafi verið ætlunin að efna né að horft hafi verið fram hjá hluta af skuldum Geysis Capital ehf. eins og áfrýjandi hefur haldið fram.
- 2 Sérfræðiskýrsla stefndu var unnin á grundvelli 6. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og í 1. til 4. tölulið 1. mgr. ákvæðisins eru upp talin þau atriði sem tiltaka skuli í slíkri skýrslu. Þar segir að skýrslan skuli hafa að geyma lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við, upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið, tilgreiningu á endurgjaldi fyrir það sem tekið er við og loks yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari að minnsta kosti til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þess hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Þá megi endurgjaldið ekki vera hærra en nemur þeirri fjárhæð sem bókfæra megi verðmæti þess til eignar í reikningum félagsins.
- 3 Í héraðsdómi er gerð grein niðurstöðu matsgerðar dómkvadds matsmanns sem stefndu öfluðu undir rekstri málsins í héraði. Í matsgerðinni kemur fram að „virði og eðlilegt kaupverð“ alls hlutafjár í Geysi Capital ehf. 29. desember 2016 hafi verið á bilinu 205.000.000 til 291.000.000 króna. Umræddri matsgerð sem unnin var að kostgæfni hefur ekki verið hnekkt. Í matsgerðinni kemur þó meðal annars fram að nær ómögulegt sé að reikna „réttu ávöxtunarkröfu með mikilli nákvæmni“. Í niðurstöðu matsgerðarinnar er tiltekið að töluverð óvissa fylgi gerð virðismata þar sem mikill fjöldi spástærða liggi að baki slíkum mötum.
- 4 Verðmöt eru samkvæmt orðanna hljóðan ávallt matskennd þar sem margar og huglægar breytur geta haft veruleg áhrif niðurstöðu útreikninga þótt að forsendur séu að mörgu leyti þær sömu.
- 5 Í 6.gr. 1. nr. 2/1995 er sem fyrr greinir fjallað um hvað þurfi að liggja til grundvallar við gerð sérfræðiskýrslu á grundvelli ákvæðisins. Ákvæðið mælir ekki fyrir um hvaða aðferðir skuli notaðar við gerð slíkrar skýrslu heldur er eingöngu talið upp í 1. – 4. tölulið 1. mgr. þess tiltekin atriði sem hún þarf að hafa að geyma. Ekki er gerð krafa um að sérfræðingur vinni sjálfur verðmat heldur er hlutverk hans að kanna hvort þau atriði sem talin eru upp í 1. – 4. tölulið 1. mgr. ákvæðisins séu til staðar. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að þeir sérfræðingar sem vinna skýrsluna nýti þekkingu sína og reynslu til að meta þau gögn sem þeir telja að hafi þýðingu við matið og velja þær forsendur sem eru lagðar til grundvallar.
- 6 Sérfræðiskýrsla stefnda, Rögnvaldar Dofra, uppfyllir öll þau skilyrði sem talin eru upp í 1. – 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna. Ákvæðið tilgreinir hins vegar ekki hvaða

aðferðum skuli beitt eða hvort rökstyðja eigi ákveðnar niðurstöður eða notkun á spástærðum. Stefndi Rögnavaldur þekkti rekstur félaganna sem endurskoðandi þeirra og þrátt fyrir að hann hafi ekki unnið verðmat á Geysi Capital ehf. sjálfur þá staðfesti hann sérfræðiskýrsluna í samræmi við áskilnað 6. gr. laganna þar sem hún inniheldur allar upplýsingar um hvaða forsendur lágu til grundvallar niðurstöðu hennar. Því er það niðurstaða mín að sérfræðiskýrsla stefnda Rögnavaldar 29. desember 2016 hafi ekki verið byggð á röngum forsendum og að innihald hennar sé í samræmi við áskilnað 6. gr. laga nr. 2/1995.

- 7 Samkvæmt því sem að framan er rakið tel ég ekki hafa verið sýnt fram á að stefndi, Rögnavaldur Dofri, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gerð sérfræðiskýrslunnar og því beri að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu stefndu af kröfum áfrýjanda.

Héraðsdómur Reykjavíkur 25. febrúar 2021

Mál þetta, sem var dómtekið 29. janúar 2021, var höfðað 2. nóvember 2018 af þrotabúi Sameinaðs Sílikons hf., gegn Ernst & Young ehf., Borgartúni 30 í Reykjavík, og Rögnavaldi Dofra Péturssyni, Bollagörðum 27 á Seltjarnarnesi.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum óskipt 405.280.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. janúar 2017 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda óskipt 397.280.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. janúar 2017 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2019 var kröfu stefndu um frávísun málsins hafnað.

I

Helstu málsatvik

Mál þetta varðar sérfræðiskýrslu sem stefndi Rögnavaldur Dofri gaf út 29. desember 2016 í tengslum við hlutfjárhækkun í Sameinuðu Sílikoni hf. Á hluthafafundi í félaginu 3. nóvember sama ár var samþykkt að auka hlutfé í félaginu og að hollenska félaginu, USI Holding B.V., væri heimilt að skrá sig fyrir 405.280.000 hlutum í félaginu gegn greiðslu á öllu hlutfé í Geysi Capital ehf. Í samræmi við þetta afsalaði USI Holding B.V. öllum hlutum í Geysi Capital ehf. til Sameinaðs Sílikons hf. með áskriftarsamningi 6. desember 2016, en jafnframt liggur fyrir kaupsamningur vegna þessa frá 1. sama mánaðar.

Í sérfræðiskýrslunni var staðfest að eðlilegt væri að meta og bókfæra allan eignarhlut í Geysi Capital ehf. að nafnverði 25.500.000 krónur á 405.280.000 krónur við hlutfjárukninguna og að verðmæti þau sem lægju til grundvallar svöruðu að minnsta kosti til þeirrar fjárhæðar sem hlutfjárukningunni næmi. Til stuðnings þessu sagði í skýrslunni að virði Geysis Capital ehf. hefði verið metið af ráðgjafarsviði stefnda Ernst & Young ehf. á grundvelli leigusamnings félagsins vegna útleigu lóðarinnar að Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ, sem félagið væri þinglýstur eigandi að, að teknu tilliti til áætlaðs rekstrarkostnaðar og skatta og hæfilegrar ávöxtunarkröfu. Þá sagði: „Niðurstaða verðmatsins var að heildarvirði félagsins væri á bilinu 4,7 – 5,2 m EUR. Miðað við gengi á EUR þann 6. desember 2016 (118,45), þegar áskriftarsamningur að nýju hlutfé í félaginu var samþykktur á grundvelli samþykktar hluthafafundar þann 3. nóvember 2016, svarar það til 437,6 – 495,8 m.kr. að teknu tilliti til vaxtaberandi skulda.“

Lóðin að Stakksbraut 9 og Geysir Capital ehf.

Félagið Stakksbraut 9 ehf. keypti umrædda lóð af Reykjaneshöfn 18. apríl 2012 og var kaupverðið 200.000.000 króna. Kaupin munu að mestu leyti hafa verið fjármögnuð með láni frá Arion banka hf. Samkvæmt kaupsamningnum voru innifalin í verðinu öll gjöld nema lóðar- og gatnagerðargjöld til sveitarfélagsins sem skyldu greiðast samkvæmt sérstökum samningi sem yrði gerður samhliða kaupsamningnum. Fyrir liggur samningur á milli Stakksbrautar 9 ehf. og Reykjaneshafnar frá 18. apríl 2012 sem varðar bæði greiðslu lóðargjalda, þar með talið gatnagerðargjalda, og verkefni sem Reykjaneshöfn tók að sér sem verktaki og laut að framkvæmdum á lóðinni, svo sem jarðvegsskiptum. Gert var ráð fyrir því að Stakksbraut 9 ehf. skyldi greiða Reykjaneshöfn samtals 362.100.000 krónur, en þar af skyldu 100.000.000 króna greiddar 30. desember 2012, 15. apríl 2013 og 15. apríl 2014, og loks 62.100.000 krónur 15. október 2014.

Hinn 4. september 2013 voru allir hlutir í Stakksbraut 9 ehf. seldir USI Holding B.V. og var kaupverðið 500.000 krónur. Þá seldi Stakksbraut 9 ehf. félaginu Geysi Capital ehf., sem var einnig í eigu USI Holding B.V., fyrrgreinda lóð á 225.000.000 króna með kaupsamningi 15. september 2013. Gert var ráð fyrir því að greitt yrði fyrir lóðina með yfirtöku láns frá Arion banka sem nam 200.000.000 króna og með peningagreiðslu sem nam 25.000.000 króna. Fram kom að það væri skilyrði kaupanna að Arion banki hf. heimilaði yfirtöku lánsins og að ráðist yrði í framkvæmdir við fyrirhugað kísilver á lóðinni innan árs frá undirritun samningsins. Afsal þar sem fram kemur að afsalshafi hafi að fullu staðið við skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum var gefið út 15. september 2014.

Samningar í aðdraganda stofnunar Sameinaðs Sílikons hf. og stofnun félagsins

Það liggur fyrir að 14. febrúar 2014 gerðu USI Holding B.V. og Silicon Mineral Ventures B.V. með sér sameiginlegan fjárfestingarsamning sem varðaði uppbyggingu og rekstur kísilverksmiðju í Helguvík. Fjallað var um framlag hvors aðila í grein 2 og sagði meðal annars í grein 2.1. hvað varðar framlag USI Holding B.V. að lóðin að Stakksbraut 9 hefði verið keypt og að aflað hefði verið leyfis til að nota höfnina. Fjallað var um framlag Silicon Mineral Ventures B.V. í grein 2.2. og átti það einkum að felast í sölutryggingu á framleiðslu fyrirhugaðrar kísilverksmiðju, en samningur um það hafði þegar verið gerður.

Hinn 31. janúar 2014 var gerður samningur á milli Stakksbrautar 9 ehf. og Silicon Mineral Ventures B.V. um einkasölu og sölutryggingu á framleiðslu verksmiðjunnar gegn greiðslu með hlutabréfum í Sameinuðu Sílikoni hf. Á þessum grunni mun Silicon Mineral Ventures B.V. hafa gefið út reikning sem nam 1.500.000 evrum sem skyldi umbreyta í hlutabréf í Sameinuðu Sílikoni hf. Reikningur vegna þessa, sem er stílaður á Geysi Capital ehf. og er frá 23. maí 2014 er meðal gagna málsins. Í bókhaldi Geysis Capital ehf. mun umrædd skuldbinding hafa verið færð sem eign að verðmæti 1.500.000 evrum og samsvarandi skuld við Silicon Mineral Ventures B.V. Það liggur fyrir að með samningi Geysis Capital ehf., Silicon Mineral Ventures B.V. og Kísils Íslands hf. frá 31. október 2016 voru skuldbindingar samkvæmt þessum samningi framseldar síðastgreindu félagi. Í samningnum segir orðrætt: „Geysir framselur til KÍ eign sem er metin á kr. 231.000.000 í bókhaldi Geysis, sem er krafa á hendur SMV um að veita efnislega sambærilega skuldbindingu um sölu væntanlegrar framleiðslu í þágu Sameinaðs Sílikons hf. vegna þriggja viðbótarofna með sömu framleiðslugetur og sá fyrsti í Helguvík á Íslandi. KÍ samþykkir að taka yfir samsvarandi skuld við SMV á grundvelli Samnings þessa, samnings milli SMV, USI Holding B.V. og Geysis dagsetts 17. september 2014 og fundargerðar aðalfundar Geysis sem haldinn var 15. apríl 2015. SMV samþykkir umrætt framsal eignar og yfirtöku skuldar.“

Hinn 17. febrúar 2014 var Sameinað Sílikon hf. stofnað í þeim tilgangi að byggja og gangsetja kísilverksmiðju í Helguvík. Stofnendur voru USI Holding B.V. og Silicon Mineral Ventures B.V. í gegnum félagið United Silicon Holding B.V. Fyrir liggur hluthafasamkomulag frá 9. júní 2014 þar sem meðal annars er fjallað um framlög beggja aðila og skuldbindingar. Þar kemur fram að USI Holding B.V. hafi í gegnum dótturfélag sitt, Stakksbraut 9 ehf., lokið tiltekinni vinnu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og

skuldbindi sig til að tryggja að Sameinað Sílikon ehf. geti nýtt lóðina undir verkefnið, með leigusamningi eða öðrum hætti, sbr. e-, f- og g-liði inngangsorða samkomulagsins. Þá kemur fram að Silicon Mineral Ventures hefði tekið að sér að selja og markaðssetja vöruna sem yrði framleidd í samræmi við samning um sölutryggingu frá 31. janúar 2014, sbr. h-lið inngangsorða samkomulagsins.

Leigusamningur vegna Stakksbrautar 9

Hinn 15. júlí 2014 gerðu Sameinað Sílikon hf. og Geysir Capital ehf. leigusamning um lóðina. Leigutaka, Sameinuðu Sílikoni hf., bar að greiða 25.000 evrur í mánaðarleigu og skyldi leigan taka breytingum til hækkunar í samræmi við þróun á vísitölu neysliverðs á evrusvæðinu eða hækka um 2,5% á ári hvort sem lægra er, sbr. greinar 5.1 og 5.3 í samningnum. Leigutími skyldi vera 60 ár frá því að lóðin væri afhent í umsömdu ástandi. Gert var ráð fyrir sjálfkrafa framlengingu leigusamnings um fimm ára tímabil í senn væri ekki tilkynnt um annað, en einnig var tekið fram að samningurinn væri óuppsegjanlegur á leigutíma og yrði aðeins slitið með gagnkvæmu samkomulagi leigusala og leigutaka, sbr. greinar 2.1 og 2.2. Fram kom í grein 1.3 að leigutaka væri ljós sú forsenda leigusala að ráðast þyrfti í umtalsverðar framkvæmdir á lóðinni vegna starfsemi leigutaka, sem og að greiða þyrfti gatnagerðargjöld, tengigjöld og önnur lóðargjöld til Reykjanesbæjar. Þá sagði: „Leigusali mun yfirtaka samning sem leigutaki hafði þegar gert varðandi framkvæmdir á lóð og greiðslu á fyrrgreindum gjöldum og krefja leigutaka um greiðslur samkvæmt samningnum þegar þær falla í gjalddaga.“

Hinn 14. nóvember 2014 greiddi Geysir Capital ehf. upp lánið við Arion banka hf. sem hafði verið yfirtekið við kaup félagsins á lóðinni rúmu ári áður. Þetta var gert á grundvelli nýs lánasamnings við bankann sem var að andvirði 1.500.000 evrur.

Sama dag var gerður viðauki við leigusamninginn frá 15. júlí 2014. Þar var vísað til þess að leigutaki hefði tekið lán hjá Arion banka hf. 3. júlí 2014 sem nam 42.000.000 evra sem skyldi endurgreiða með nánar tilteknum hætti. Leigusali tæki lán hjá Arion banka hf. 14. nóvember, eða þar um bil, að fjárhæð 1.500.000 evrur sem skyldi endurgreitt með 17 hálfársgreiðslum yfir átta og hálf árs tímabil, sbr. ákvæði 6.1 í lánasamningi leigusala og Arion banka. Með vísan til þessa var eftirfarandi samþykkt: „Þrátt fyrir ákvæði lóðarleigusamningsins um greiðslu leigu skal leigutaki einungis greiða þann hluta leigu samkvæmt lóðarleigusamningnum til leigusala sem nemur greiðslum samkvæmt lánasamningi leigusala og á þeim dögum sem leigutaka ber að inna slíkar greiðslur af hendi. Sá hluti leigu samkvæmt lóðarleigusamningnum sem ekki kemur til greiðslu með framangreindum hætti skal mynda skuld leigutaka við leigusala. Skuld sú sem myndast með þessum hætti skal bera vexti sem skulu vera þeir sömu og vextir samkvæmt lánasamningi leigutaka. Framangreint fyrirkomulag skal gilda þar til lán samkvæmt lánasamningi leigusala er að fullu greitt.“ Sjá má af ársreikningi Geysis Capital ehf. 2015, sem og árshlutareikningi og ársreikningi 2016 að leiga er tekjufærð og viðskiptafærð. Leigan myndar þannig kröfu í bókhaldi Geysis Capital ehf., en skuld hjá Sameinuðu sílikoni ehf.

Mat stefnda Ernst & Young á virði Geysis Capital ehf.

Það liggur fyrir að haustið 2016 öfluðu forsvarsmenn Geysis Capital ehf. mats á virði félagsins frá stefnda Ernst & Young. Matið er dagsett 10. október 2016 og var unnið af Guðjóni Norðfjörð, sviðsstjóra ráðgjafarsviðs félagsins. Þar kemur fram að félagið eigi lóð að Stakksbraut 9 og hafi gert leigusamning við Sameinað Sílikon hf. um leigu hennar. Þá segir að forsendur útreiknings séu eftirfarandi: „Leigutekjur eru EUR 25.000 á mánuði eða EUR 300.000 á ári. Gert er ráð fyrir að leigutekjur hækki um 1,5% á ári, en í leigusamningnum kemur fram „leigan skal taka breytingum til hækkunar í samræmi við þróun á vísitölu neysliverðs á Evrusvæðinu eða hækka um 2,5% á ári hvort sem lægra er“ en meðaltal vísitölu neysliverðs á Evrusvæðinu síðustu 10 ár hefur verið um 1,5%. 58 ár eftir af leigusamningnum. Annar rekstrarkostnaður samanstendur af fasteignagjöldum og aðkeypri þjónustu og nemur um 3,5% af tekjum félagsins. Tekjuskattur reiknast 20% af hagnaði ársins.“ Þá segir um „Ávöxtunarkröfu“ að gert sé ráð fyrir 6-6,5% og er tekið fram að ekki hafi verið framkvæmdir nákvæmir útreikningar á ávöxtunarkröfu félagsins. Miðað við þessar forsendur var komist að þeirri niðurstöðu að „heildarvirði (e. total value) væri

á bilinu 4,7 – 5,2 m EUR“. Þá sagði að einnig væri hægt að meta heildarvirði félagsins með því að gera ráð fyrir 300.000 evrum um ókomna framtíð og með sömu ávöxtunarkröfu væri heildarvirði félagsins 4,7 – 5,1 m EUR.

Ákvörðun um hlutafjánhækkun í Sameinuðu Sílikoni hf. og sérfræðiskýrslan

Hinn 3. nóvember 2016 var haldinn hluthafafundur í Sameinuðu Sílikoni hf. og þar sem samþykkt var að hækka hlutafé félagsins að hámarki um andvirði 16.000.000 evra. Fram kemur í fundargerð að USI Holding B.V. skuli vera heimilt að skrá sig fyrir hlutafé sem nemi 405.280.000 krónum með greiðslu á öllum hlutum í Geysi Capital ehf. Hinn 1. desember 2016 var gengið frá samningi um kaup Sameinaðs Sílikons hf. á öllum hlutum í Geysi Capital. Þá var gengið frá áskriftarsamningi þar sem USI Holding var skráð fyrir hinum nýju hlutum í Sameinuðu Sílikoni hf. 6. desember 2016. Hin umdeilda sérfræðiskýrsla sem unnin var af stefnda Rögnavaldi Dofra lá eins og áður greinir fyrir 29. desember 2016. Þá var tilkynning um hlutafjánhækkun móttækin af fyrirtækjaskrá 17. janúar 2017 og með henni fylgdi sérfræðiskýrslan.

Á þeim tíma sem sérfræðiskýrslan var unnin lá fyrir óendurskoðaður árs hlutareikningur Geysis Capital ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. október 2016 sem var undirritaður af stjórn félagsins 16. nóvember sama ár. Fram kemur í reikningnum að stefndu hafi veitt faglega aðstoð við gerð hans og er áritun þessa efnis undirrituð af stefnda Rögnavaldi Dofra. Samkvæmt reikningnum nam hagnaður uppgjörstímabilsins eftir reiknaða skatta 40.567.564 krónum. Þá kom fram að skuldir næmu samtals 418.070.218 krónum, en þar af væru vaxtaberandi langtímaskuldir 200.818.259 krónur. Þá væru eignir, sem samanstóðu af lóðinni af Stakksbraut 9 að fjárhæð 225.000.000 króna, og veltufjármunum að fjárhæð 273.737.456 krónur, samtals 498.737.456 krónur. Þessu til samræmis kom fram í áritun og skýrslu stjórnar að hrein eign félagsins á þeim tíma sem um ræddi næmi 80.667.238 krónum.

Ársreikningur vegna 2016 lá fyrir 21. september 2017 eða tæpum níu mánuðum eftir að sérfræðiskýrslan var unnin. Samkvæmt ársreikningnum nam hagnaður ársins eftir reiknaða skatta 14.199.421 krónum. Heildareignir félagsins voru í árslok 686.627.418 krónur, sem greinast þannig að varanlegir rekstrarfjármunir voru að fjárhæð 378.602.400 krónur, óefnislegar eignir 231.000.000 krónur og veltufjármunir 77.025.018 krónur. Í ársreikningnum kemur fram að skuldir nemi samtals 632.328.323 krónum, en þar af voru langtímaskuldir annars vegar vaxtaberandi skuldir sem námu 196.338.831 krónu og hins vegar tekjuskattsskuldbinding sem nam 6.594.014. Þá voru skammtímaskuldir sem námu 429.395.488 krónum að mestu viðskiptaskuldir að fjárhæð 427.939.708 krónur. Bókfært eigið fé í árslok 2016 var 54.299.095 krónur.

Samruni Sameinaðs Sílikons hf. og Geysis Capital ehf.

Á stjórnarfundi í Sameinuðu Sílikoni hf. 20. nóvember 2017 var tekin endanleg ákvörðun um samruna félagsins og Geysis Capital ehf. Áætlun um samrunann er frá 27. júní 2017 og segir meðal annars í forsendum að með sameiningu félaganna verði eignarhald Sameinaðs Sílikons hf. á athafnasvæðinu beint. Samruninn var samþykktur af stjórn Sameinaðs Sílikons hf., sem og á hluthafafundi í Geysi Capital ehf. og var tilkynning birt í Lögbirtingablaðinu 24. ágúst 2017. Tilkynning um að Sameinað Sílikon hf. hefði sameinast og tekið yfir Geysi Capital ehf. var send hlutafélagaskrá 20. nóvember 2017, sbr. 128. gr. laga nr. 2/1995.

Minnisblað KPMG og matsgerð dómkvadds matsmanns

Af hálfu stefnanda var aflað minnisblaðs frá KPMG ehf. vegna framangreinds virðismats stefnda Ernst & Young ehf. á Geysi Capital ehf. Fram kemur í minnisblaðinu að félagið hafi „endurreiknað verðmatið m.a. þær forsendur sem að settar eru fram í minnisblaði EY en niðurstaða útreikninga KPMG er að heildarvirði félagsins sé á bilinu 4,5 – 4,9 m EUR [...]“. Þá eru gerðar athugasemdir við nokkrar forsendur mats stefnda Ernst & Young ehf., svo sem hvað varðar rekstrarkostnað og ávöxtunarkröfu. Þá segir að umrætt mat leiði „einungis út heildarvirði en ekki verðmat á hlutafé Geysis Capital“. Því er lýst að KPMG hafi leitt út virði hlutafjár og styðjist við ársreikning 2016, þar með talið skuldir sem þar sé gerð

grein fyrir. Komist er að þeirri niðurstöðu að miðað við „heildarvirði upp á 4,7 – 5,2 m EUR hefði virði eigin fjár átt að vera metið á bilinu 8 – 67 m ISK“.

Undir rekstri málsins var Erlendur Davíðsson dómkvaddur sem matsmaður að beiðni stefndu til að leggja mat á verðmæti Geysis Capital ehf. 29. desember 2016 þegar sérfræðiskýrslan var unnin. Í matsgerð hans frá 23. janúar 2020 var komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli ársreikninga félagsins og annarra upplýsinga, sem og á grundvelli forsendna matsmanns, að virði og eðlilegt kaupverð alls hlutafjár í Geysi Capital ehf. hefði verið á bilinu 205.000.000 króna til 291.000.000 króna á þeim tíma sem um ræðir. Fram kemur í matsgerðinni að stærsti óvissuþátturinn við mat á rekstrarvirði félags sé ávöxtunarkrafan sem hafi veruleg áhrif á niðurstöðuna. Þá hafi rekstrarkostnaðarhlutfall og árleg hækkun leigutekna einnig nokkur áhrif. Aðrir þættir, til dæmis skuldir tengdar sölutryggingu og skuldbindingar vegna lóðagjalda, vegi jafnframt þungt við mat á virði hlutafjár. Einnig var gerð grein fyrir næmnigreiningum og er í matsgerð að finna töflur sem sýna annars vegar næmni niðurstöðu fyrir vegnum fjármagnskostnaði og rekstrarkostnaðarhlutfalli, en hins vegar næmni niðurstöðu fyrir vegnum fjármagnskostnaði og árlegri hækkun leigutekna.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi leggur áherslu á að samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skuli greiðsla hlutar fyrir hlutafjárhækkun í einkahlutafélagi ekki nema minna en nafnverði hans. Þá komi fram í 1. mgr. 6. gr. laganna að eigi hlutafélag að taka við greiðslu með öðru en peningum skuli sérfræðiskýrsla fylgja til fyrirtækjaskrár og skuli hún hafa að geyma yfirlýsingu um að greiðsla með öðru en peningum sé a.m.k. jafnverðmæt peningagreiðslu, sbr. 7. gr. laganna. Framlagning sérfræðiskýrslunnar hafi því verið forsenda þess að hlutafjárhækkun yrði skráð af hálfu fyrirtækjaskrár. Beri stefndu sem sérfræðingar ábyrgð á því berist fullnægjandi greiðsla ekki samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna, en sú staða sé uppi í þessu máli.

Sérfræðiskýrslan hafi verið byggð á því að verðmæti lóðarinnar við Stakksbraut 9 hafi margfaldast á innan við tveimur árum, alfarið vegna samninga milli tengdra aðila sem hafi ekki verið efnidir. Stakksbraut 9 ehf. hafi keypt lóðina af Reykjanesbæ á 200.000.000 króna 18. apríl 2012, alfarið með lánsfjármögnun frá Arion banka hf. og að teknu tilliti til áhvílandi lána hafi verðmæti lóðarinnar ekkert verið. Þá hafi USI Holding B.V. keypt alla hluti í Stakksbraut 9 ehf. á 500.000 krónur 4. september 2013, en síðastgreint félag hafi selt lóðina á 225.000.000 króna 15. sama mánaðar til systurfélags síns Geysis Capital ehf. Lánið við Arion banka hf. hafi verið yfirtekið af Geysi Capital ehf. en 25.000.000 króna peningagreiðsla aldrei verið greidd. Verðmæti lóðarinnar hafi ekki aukist við að hún væri færð til systurfélags. Ritað hafi verið undir leigusamning milli Geysis Capital ehf. og hins nýstofnaða rekstrarfélags, Sameinaðs Sílikons hf., vegna lóðarinnar 15. júlí 2014, en leigugreiðslur hafi aldrei verið greiddar samkvæmt samningnum. Með viðauka 14. nóvember 2014 hafi leigugreiðslur Sameinaðs Sílikons hf. verið takmarkaðar við greiðslubyrði Geysis Capital ehf. af láni til Arion banka í átta og hálf ár eftir undirritun samningsins. Aldrei hafi verið greitt af því láni. Samkvæmt ársreikningi 2016, sem stefndu hafi aðstoðað við, hafi Geysir Capital ehf. við lok þess árs verið á barmi ógjaldfærni vegna þess að engar leigugreiðslur höfðu borist. Á árinu 2017 hafi Geysir Capital ehf. runnið inn í Sameinað Sílikon hf. Við samrunann hafi leigusamningur milli félaganna fallið úr gildi þar sem réttindi og skyldur leigusala og leigutaka runnu saman. Þá hafi loks rekstri og eignarhaldi á lóðinni aftur verið komið á sömu hendi, þ.e. í hendur Sameinaðs Sílikons hf.

Samkvæmt þessu hafi USI Holding B.V. búið sér til a.m.k. 405.280.000 króna verðmæti, alfarið með löggæringum milli tengdra aðila á milli árunna 2012 og 2014. Eina greiðslan sem virðist raunverulega hafa farið fram á grundvelli viðskiptanna hafi verið 500.000 króna greiðsla hinn 4. september 2013 vegna kaupa USI Holding B.V. á öllum hlutum í Stakksbraut 9 ehf. Hefðu lóðin og reksturinn áfram verið í einu og sama félaginu, Stakksbraut 9 ehf., hefði hin meinta verðmætaaukning aldrei orðið til. Með því að aðskilja rekstur frá eignarhaldi á lóð, gera leigusamning um lóðina milli tengdra aðila og sameina aftur lóð og rekstur í öðru félagi hafi tekist að margfalda verðmæti lóðarinnar án þess að greiða fyrir það. Hugmyndin virðist hafa verið að gera fyrst leigusamninginn og svo renna leigusala og leigutaka saman áður en til greiðslna samkvæmt samningnum kæmi. Forsenda þess að viðskiptafléttan gengi upp hafi verið að endurskoðandi tæki þátt í henni og staðfesti verðmætaaukningu vegna gerninga milli tengdra aðila. Hafi

háttsemi stefndu gert USI Holding B.V. kleift að eignast 405.280.000 hluti í Sameinuðu Sílikoni hf. án þess að raunveruleg verðmæti væru látin af hendi. Með þessu hafi stefndu valdið stefnanda tjóni sem nemi 405.280.000 krónum.

Horfa verði fram hjá lóðarleigusamningum milli tengdra aðila þegar metið sé verðmæti hluta í Geysi Capital ehf. Líta verður svo á að verðmæti lóðarinnar hafi numið að hámarki 200.000.000 króna sem hafi verið kaupverðið þegar lóðin var keypt af ótengdum aðila, Reykjanesbæ, 18. apríl 2012. Geysir Capital ehf. hafi þannig verið verðlaust, að teknu tilliti til áhvílandi skulda. Raunverðmætið megi einnig sjá af því að USI Holding B.V. hafi einungis greitt 500.000 krónur fyrir alla hluti í Stakksbraut 9 ehf. á meðan lóðin hafi enn verið í félaginu með áhvílandi skuldum.

Byggt er á því að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og hafi þeir sýnt af sér stórfellt gáleysi við gerð sérfræðiskýrslunnar. Því til stuðnings er vísað til þess að í skýrslu stefnda Rögnvalds Dofra hjá skiptastjóra 30. maí 2018 hafi í fyrsta lagi komið fram að til hefði staðið að sameina Geysi Capital ehf. og Sameinað Sílikon hf., a.m.k. frá apríl 2015. Hafi endurskoðandanum þannig verið ljóst eða mátt vera ljóst að réttindi og skyldur samkvæmt leigusamningnum myndu renna saman löngu áður en kæmi til greiðslu samkvæmt honum. Þá hafi endurskoðandinn staðfest að engar leigugreiðslur hefðu verið greiddar Geysi Capital ehf. Hafi félagið þannig aldrei átt að hagnast á leigusamningum fyrir samrunann, en samt sem áður hafi í sérfræðiskýrslunni verið gert ráð fyrir því að leigusamningurinn margfaldaði verðmæti félagsins. Í þriðja lagi hafi endurskoðandinn staðfest að sömu aðilar hefðu komið fram fyrir hönd Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf, en það hefði gefið tilefni til sérstakrar aðgæslu við gerð verðmatsins. Í fjórða lagi hafi stefndi verið endurskoðandi Stakksbrautar 9 ehf., Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. frá 2013 og hafi hann því haft fullkomnar upplýsingar um fjárhag og framtíðaráform allra félaganna. Hefði verðmæti leigusamningsins raunverulega verið í samræmi við sérfræðiskýrsluna við lok árs 2016 hefði borið að geta samsvarandi leiguskulda í endurskoðuðum ársreikningum Sameinaðs Sílikons hf., sbr. 14. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en ekki hafi verið minnst á slíkt þar. Þá hafi leigusamningarnir ekki heldur verið eignfærðir í óendurskoðuðum ársreikningum Geysis Capital ehf.

Tekið er fram að samþykki hluthafafundar Sameinaðs Sílikons hf. fyrir því að greitt yrði fyrir hluti samkvæmt hlutafjórðuninni með öllum hlutum í Geysi Capital ehf., sem og skjalagerð vegna viðskiptanna, hafi verið lokið áður en sérfræðiskýrslunnar var aflað. Virðist endurskoðandinn hafa staðfest fyrirframgefnar verðhugmyndir viðskiptamanna sinna, án raunverulegrar skoðunar á verðmæti Geysis Capital ehf. og þannig sýnt af sér stórfellt gáleysi. Lögð er áhersla á að endurskoðendur verði að vinna sjálfstætt, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995, og gæta óháðis gagnvart viðskiptamönnum, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Þá skuli endurskoðendur rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna, sbr. 8. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, auk þess sem þeir beri refsíábyrgð sem opinberir sýslunarmenn, sbr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það sé sérstaklega þýðingarmikið að endurskoðendur sýni aðgæslu við gerð sérfræðiskýrslna um verðmæti greiðslna fyrir hlutafé, enda sé rétt skráning hlutafjár grundvallarforsenda fyrir starfsemi hlutafélaga og reiði ýmsir sig á réttmæti sérfræðiskýrslna. Það sé nær öruggt að tjón hljóttist af sé verðmæti greiðslu með öðru en peningum ofmetið af endurskoðanda.

Hvað varðar sönnun á tjóni stefnanda beri stefndu sem sérfræðingar sönnunarbyrði fyrir réttmæti eigin sérfræðiskýrslu. Staðfest hafi verið í dómaframkvæmd að löggiltir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki þeirra beri óskipta ábyrgð á tjóni sem sé valdið í endurskoðunarstörfum. Stefndi Ernst & Young beri vinnuveitandaábyrgð á hinni skaðabótaskyldu háttsemi stefnda Rögnvalds Dofra, sem og á því verðmæti Guðjóns Norðfjörð sem hafi legið að hluta til grundvallar sérfræðiskýrslunni. Hið sama gildi um alla framsetningu upplýsinga um verðmæti Geysis Capital ehf. og leigusamninga í ársreikningum. Samkvæmt 27. gr. laga nr. 79/2008 beri endurskoðandi ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Hvað varðar sakarmat og sönnun séu ríkar kröfur gerðar til sérfræðinga þannig að hliðrað sé til um sönnun tjónþola í vil, þar með talið um orsakatengsl milli mistaka sérfræðings og tjóns tjónþola.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því að greiðslu sem nemi 405.280.000 króna vanti alfarið í sjóði protabúsins. Verðmæti Geysis Capital ehf. hafi ekki aukist við gerð leigusamnings við tengda aðila og hafi

félagið verið verðlaust þegar sérfræðiskýrslan var unnin. Með skýrslunni hafi USI Holding B.V. verið gert kleift að eignast 405.280.000 hluti í Sameinuðu Sílikoni hf. án þess að láta af hendi raunveruleg verðmæti í staðinn og sé tjón stefnanda því samsvarandi.

Varakrafa stefnanda miðast við að verðmæti allra hluta í Geysi Capital ehf. hafi numið 8.000.000 króna þegar sérfræðiskýrslan var gerð. Miðað er við neðri mörk samkvæmt fyrirbyggjandi verðmati KPMG og að stefndu hafi ofmetið verðmæti hlutanna um 397.280.000 krónur, en tjón stefnanda nemi þeirri fjárhæð. Í umræddu verðmati sé ekki horft fram hjá leigusamningi milli tengdra aðila, heldur gengið út frá efdum sammingsins. Hins vegar séu gerðar aðrar athugasemdir við sérfræðiskýrslu stefndu. Þurfi vart að fjölyrða um að það sé stórfellt gáleysi af hálfu löggilts endurskoðanda við gerð sérfræðiskýrslu um verðmat á hlutum að draga ekki frá skuldir félagsins að fullu, vanátla kostnað og reikna ekki út ávöxtunarkröfu í 58 ár.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi meðal annars áherslu á að fyrirbyggjandi gögn sýndu slæma fjárhagslega stöðu Geysis Capital ehf., sem og Sameinaðs Sílikons hf. við árslok 2016. Væri það til marks um að sérfræðiskýrslan hefði ekki haft að geyma réttar upplýsingar. Þá var því mótmælt að Geysir Capital ehf. hefði ekki skuldað Silicon Mineral Ventures B.V. um 231.000.000 króna á þeim tíma sem skipti máli. Í þeim efnum var vísað til þess að skuldin hefði ekki verið færð til Kísils Íslands hf. með gildum hætti, meðal annars þar sem þeir aðilar sem komu að viðkomandi samningi hefðu ekki haft umboð til þess að skuldbinda félögin.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggja á því að það verðmat sem lá til grundvallar sérfræðiskýrslunni frá 29. desember 2016 hafi verið rétt. Þá hafi sérfræðiskýrslan í öllu tilliti verið rétt og að réttilega hafi verið staðið að hækkun hlutfjár í Sameinuðu Sílikoni hf. 3. nóvember 2016, sem og að efdum áskriftarloforðs. Samþykkt hafi verið á hluthafafundi þann dag að USI Holding B.V. væri heimilt að greiða fyrir hluti að nafnvirði 405.280.000 króna með öllum hlutum í Geysi Capital ehf. Þá hafi Sameinað Sílikon hf. keypt alla hluti í Geysi Capital ehf. af USI Holding B.V. með kaupsamningi 1. desember 2016. Kaupverðið, sem hafi numið 405.280.000 krónum, hafi verið greitt í samræmi við ákvörðun hluthafafundarins með því að stefnandi hafi gefið út nýja hluti til USI Holding B.V.

Byggt er á því að sérfræðiskýrsla stefndu hafi verið í samræmi við 6. gr. laga nr. 2/1995 og þær skyldur sem á endurskoðendum hvíli, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 79/2008. Þar sé staðfest að hlutir í Geysi Capital ehf. svari a.m.k. til þeirrar fjárhæðar sem hlutfjárukningunni nam. Gerð sé grein fyrir þeirri aðferð sem hafi verið notuð við matið með tilvísun til leigusammings um lóðina að Stakksbraut 9 að teknu tilliti til áætlaðs rekstrarkostnaðar og skatta, sem og hæfilegrar ávöxtunarkröfu. Tekið hafi verið mið af verðmati starfmanns stefnda Ernst & Young vegna hluta í Geysi Capital ehf. sem hafði verið unnið áður. Í ljósi takmarkaðra fyrirmæla í lögum nr. 2/1995 um hvernig sérfræðiskýrsla skuli úr garði gerð verði að ætla endurskoðendum allnokkurt svigrúm við val á þeim forsendum og aðferðum sem lagðar séu til grundvallar. Byggt hafi verið á forsendum sem hafi legið fyrir á þeim tíma sem um ræddi og hafi þeim ekki verið hnekkt. Ekkert bendi til þess að leigusamningur vegna lóðarinnar hafi verið haldinn ógildingarannmarka eða að ástæða hafi verið til að draga skuldbindingargildi hans í efa. Líta verði til þeirra forsendna sem hafi legið fyrir við gerð skýrslunnar. Þær hafi fyrst og fremst verið bindandi leigusamningur um lóðina og jafnframt ákvörðun hluthafafundar Sameinaðs Sílikons hf. um kaup á hlutum í Geysi Capital ehf. Þá verði að horfa til þess eindregna skilyrðis Arion banka fyrir frekari lánveitingu, sem og skilyrðis lífeyrissjóðanna fyrir frekari fjárveitingum, að Sameinað sílikon ehf. keypti alla hluti í Geysi Capital ehf. og tryggði sér lóðina að Stakksbraut 9. Stefndu hafi stuðst við verðmat á fyrrgreindum leigusamningi sem hafi verið unnið skömmu áður af starfsmanni stefnda Ernst & Young og sem engin ástæða hafi verið til að draga í efa. Langtímaskuld Geysis Capital ehf. við Arion banka hf. hafi verið dregin frá á því gengi sem getið var um í skýrslunni og hafi skuldin numið um 191.000.000 króna. Samkvæmt árshlutareikningi Geysis Capital ehf. frá árinu 2016 hafi veltufjármunir verið um 58.500.000 krónum hærri en skammtímaskuldir sem hafi svo verið bætt við verðmæti félagsins. Sé því ljóst að verðmæti Geysis Capital ehf. hafi verið herra en sem nam nafnverðshækkun hlutfjár í stefnanda.

Stefnandi horfi alfarið framhjá nokkrum mikilvægum atriðum. Hinn 31. október 2016 hafi verið gengið frá framsali á skuldbindingum vegna samnings um sölutryggingu Silicon Mineral Ventures, sem hafi hvílt á Geysi Capital ehf., til Kísils Íslands hf. Frá þeim tíma hafi skuldbinding Geysis Capital ehf. vegna samningsins, sem nam 231.000.000 króna, ekki lengur hvílt á félaginu. Við gerð sérfræðiskýrslunnar hafi skuldbindingin því réttilega ekki verið dregin frá eignum félagsins. Samrunaefnahagsreikningur vegna samruna Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. staðfesti að skuldbinding vegna sölutryggingarinnar hafi ekki verið tekin yfir af hinu sameinaða félagi. Þá hafi verið samið um það í leigusamningi Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons að síðarnefndi aðilinn bæri ábyrgð á og greiddi skuldbindingar hins fyrrnefnda vegna lóðargjalda, þ.e. samkvæmt samningi við Reykjaneshöfn frá 18. apríl 2012. Hafi skuldir Geysis Capital ehf. því lækkað um 201 milljón króna. Samkvæmt þessu hafi skuldbindingar, sem voru hærri en 400.000.000 króna og stefnandi telur hafa verið til staðar, í reynd ekki hvílt á félaginu þegar sérfræðiskýrslan var gerð. Stefnandi geri þau grundvallarmistök í málalíbúnaði sínum að taka ekki mið af þessu.

Þá hafi í ársreikningi Geysis Capital ehf. vegna 2016 verið gjaldfærður einkiptiskostnaður að fjárhæð 40.500.0000 krónur sem hafi ekki haft áhrif á rekstrarhæfi félagsins til framtíðar. Minnisblað KMPG sé hins vegar byggt á þeirri röngu forsendu að rekstrarkostnaður af starfsemi félagsins hafi numið 25% af tekjum árið 2016. Um hafi verið að ræða einkiptiskostnað sem hafi verið færður til gjalda árið 2016 og eigi hið sama við um vaxtagjöld að fjárhæð 29.700.000 krónur. Umrætt minnisblað sé því haldlaust.

Stefndu reisa sýknukröfu sína einnig á því að stefnandi geti ekki sett fram þá skaðabótakröfu sem um ræðir og sé um að ræða aðildarskort, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Það skorti verulega á að gerð sé grein fyrir meintu tjóni þrotabúsins og hvernig það eigi að hafa orðið. Skiptastjóri hins gjaldþrota félags geti gert bótakröfu vegna tjóns sem stjórnendur eða endurskoðendur hafa valdið félaginu með beinum hætti, en ekki vegna tjóns kröfuhafa eða annarra þriðju aðila. Sameinað Sílikon hf. hafi ekki þurft að láta af hendi annað endurgjald fyrir alla hluti í Geysi Capital ehf. en hluti í félaginu sjálfu. Á sama tíma hafi félagið eignast lóðina að Stakksbraut 9 sem hafi verið nauðsynleg fyrir starfsemi þess og ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir frekari fjármögnun félagsins. Þá hafi lánardrottinn ekki orðið fyrir tjóni, enda hafi Arion banki hf. áfram notið veðréttinda í lóðinni og bankinn áfram verið aðalkröfuhafi Sameinaðs Sílikons hf. Félagið hafi á hinn bóginn losnað undan meiriháttar skuldbindingu samkvæmt leigusamningi við Geysi Capital ehf. Hagsmunir eina hluthafans, United Silicon Holding B.V., hafi ekki verið skertir. Hvað aðra varðar hafi eina breytingin verið sú að hlutafé var skráð hærra að nafnvirði, en skráð hlutafé hafi ekki sjálfstæða þýðingu fyrir fjárhag fyrirtækja, enda vegi aðrir mælikvarðar mun þyngra.

Lögð er áhersla á að stefnandi þurfi að sýna fram á sök stefndu, tjón sitt og orsakatengsl á milli meintrar saknæmrar háttsemi og tjónsins. Stefndu hafi ekki sýnt fram á að gegn og skynsamur endurskoðandi hefði borið sig að með öðrum hætti en stefndi Rögnvaldur Dofri hafi gert. Bent er á að reynist sérfræðiskýrsla röng og hlutafé vangreitt megi fella niður hina vangreiddu hluti með vísan til þess að áskriflarloforð hafi ekki verði efnt, sbr. t.d. 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 17. gr. og 19. gr. laga nr. 2/1995, en ekki hafi verið vilji til þess. Það standist ekki að halda því fram að meint tjón samsvari allri þeirri hækkun að nafnvirði sem nam áskrift vegna hlutafjárhækkunarinnar. Áréttað er að forsenda fyrir frekari fjármögnun Sameinaðs Sílikons hf. hafi verið kaup félagsins á Geysi Capital ehf. og hafi hin umdeilda ráðstöfun því gert félaginu kleift að tryggja fjármögnun án þess að það þyrfti að láta af hendi aðra fjármuni en hluti í því sjálfu. Sé útilokað að það hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda eða aðra. Þá hafi ekki fylgt eignarhaldi á Geysi Capital ehf. aðrar skuldir en veðlán Arion banka hf. sem hafi hvílt á lóðinni. Lögð er áhersla á að ekki geti komið til greina að snúa sönnunarbyrði við, enda hafi stefnandi ekki einu sinni getað leitt líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Því til stuðnings er vísað til íslenskrar og norrænnar dómaframkvæmdar.

Stefndu taka fram að stefnandi horfi fram hjá eigin sök félagsins og skyldu þess til að takmarka tjón sitt, svo sem með því að fella niður þá hluti í hlutaskrá sem byggt er á að ekki hafi verið greitt fyrir eða innheimta önnur verðmæti, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 2/995. Ganga verði út frá því að Sameinað Sílikon hf. hafi kannað fjárhagslega stöðu Geysis Capital ehf. áður en samruninn varð, en það hafi meðal annars legið fyrir að Geysir Capital ætti fyrrgreinda lóð og að á henni hvíldi skuld. Lögð er áhersla á að bótgrundvöllurinn sé nokkuð á reiki, en stefnandi krefjist skaðabóta utan samninga en um leið nokkurs

konar efnabóta á þeim grunni að stefndu beri einhvers konar sjálfskuldarábyrgð eða samningsábyrgð á efnendum USI Holding B.V. á andvirði áskriftarlorforðs vegna hlutafjánhækkunarinnar. Ennfremur er á því byggt að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti. Geysir Capital ehf. og Sameinað Sílikon hf. hafi sameinast án nokkurra fyrirvara og mótbáru fyrst verið hafðar uppi tveimur árum síðar af hálfu skiptastjóra.

Til vara krefjast stefndu lækkunar á kröfu stefnanda og eru færð rök fyrir þeirri kröfu í greinargerð þeirra.

1. IV

Niðurstæða

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort stefndu beri bótaábyrgð á tjóni sem stefnandi telur stafa af saknæmri háttsemi við gerð sérfræðiskýrslu sem unnin var 29. desember 2016 af stefnda Rögnavaldi Dofra í tengslum við hlutafjánhækkun í Sameinuðu Sílikoni hf. Eins og rakið hefur verið var samþykkt á hluthafafundi í félaginu 3. nóvember 2016 að auka hlutafé, sem og að hollenska félaginu USI Holding B.V. væri heimilt að skrá sig fyrir 405.280.000 hlutum gegn greiðslu með öllu hlutafé í Geysi Capital ehf. Gengið var frá samningi um kaup Sameinaðs Sílikons hf. á öllum hlutum í Geysi Capital ehf. 1. desember 2016 og varð fyrstgreint félag þar með eigandi lóðarinnar að Stakksbraut 9 þar sem fyrirhugað var að rekstur kísilverksmiðjunnar færi fram.

Það leiðir af 6. gr. laga nr. 2/1995 að sé greitt fyrir hlut með öðrum verðmætum en hlutafé, eins og hér á við, skuli afla sérfræðiskýrslu þar sem staðfest er að verðmætið svari a.m.k. til nafnverðs þeirra hluta sem um ræðir, enda má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans, sbr. 16. gr. laganna. Fjallað er um efni sérfræðiskýrslu í 1. til 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. og segir þar að skýrslan skuli hafa að geyma lýsingu á hverri greiðslu eða því sem tekið er við, upplýsingar um aðferðina sem notuð er við matið, tilgreiningu á endurgjaldi og loks yfirlýsingu um að hið tiltekna verðmæti svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds, þar á meðal nafnverðs þess hluta sem gefa skal út að viðbættu hugsanlegu álagi vegna yfirverðs. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 2/1995 gilda lagaákvæði um löggilta endurskoðendur um sérfræðinga sem semja skýrsluna, eftir því sem við á, og hafa þeir rétt til að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar og krefjast upplýsinga og aðstoðar frá stofnendum og félaginu.

Við mat á því hvort stefndi Rögnavaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gerð sérfræðiskýrslunnar verður að líta til framangreindra ákvæða. Þá verður einnig að líta til þeirra ríku krafna sem gera má til vandaðra vinnubragða endurskoðenda í ljósi þeirrar sérfræðiráðgjafar sem þeir veita, sem og þess að endurskoðendur eru opinberir sýslunarmenn, sbr. til hliðsjónar 8. gr. laga nr. 79/2008 sem voru í gildi á þeim tíma sem um ræðir. Lög nr. 2/1995 hafa umfram það sem áður greinir ekki að geyma fyrirmæli um hvernig skuli í sérfræðiskýrslu leggja mat á virði greiðslu fyrir hlut með öðru en reiðufé. Þannig er til að mynda ekki tilgreint hvaða aðferðir skuli nota, hvaða gögn þurfi að búa að baki matinu eða að hvaða marki þurfi að rökstyðja það, svo sem með því að gögn eða útreikningar liggi að baki þeirri yfirlýsingu sem er gefin. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að þeir sérfræðingar sem vinna skýrsluna nýti þekkingu sína og reynslu til að meta þau gögn sem þeir telja hafa þýðingu við matið og velja þær forsendur sem eru lagðar til grundvallar. Þá þurfa þeir að taka mið af þeim skyldum sem hvíla á löggiltum endurskoðendum, þar með talið til að rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi, sbr. 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 79/2008.

Horfa verður til þess að stefndi Rögnavaldur Dofri hafði verið endurskoðandi Stakksbrautar 9 ehf., Geysis Capital ehf. og Sameinaðs Sílikons hf. Hann hafði því umtalverða þekkingu á skuldum og eignum félaganna þegar hann vann sérfræðiskýrsluna og er málatilbúnaður aðila samhljóða um þetta atriði. Að mati dómsins var honum rétt að líta til þessarar vitneskju sinnar, svo sem um hvaða félög skyldu bera ákveðnar skuldbindingar. Þá skal tekið fram að skýrslan gat að sjálfsögðu ekki tekið mið af öðrum gögnum en þeim sem voru til þegar hún var unnin, en ársreikningur Geysis Capital ehf. vegna ársins 2016 lá til að mynda ekki fyrir fyrr en um níu mánuðum eftir að sérfræðiskýrslan var unnin.

Áður hefur verið gerð grein fyrir efni sérfræðiskýrslunnar þar sem staðfest var að verðmæti alls eignarhlutar í Geysi Capital ehf. svaraði að minnsta kosti til þeirrar fjárhæðar sem hlutafjárukningunni

nam. Litið var til mats á virði félagsins, sem starfsmaður á ráðgjafarsviði stefnda Ernst & Young ehf. hafði unnið 10. október 2016 eða tæpum þremur mánuðum áður. Það verðmat var byggt á sjóðstreymi Geysis Capital ehf. sem byggði á væntum leigutekjum samkvæmt fyrrgreindum leigusamningi vegna lóðarinnar að Stakksbraut 9 í Reykjanesbæ. Frá leigutekjum var dreginn áætlaður rekstrarkostnaður og tekjuskattur. Núvirði hins vænta sjóðstreymis var reiknað og var við núvirðinguna byggt á ávöxtunarkröfu sem var 6-6,5%. Sú matsaðferð sem hér var beitt er svokölluðu sjóðstreymisaðferð og er hér um að ræða viðurkennda aðferð við verðmat fyrirtækja. Þá hefur stefndi Rögnvaldur Dofri lýst því að hann hafi einnig byggt á árshlutareikningi Geysis Capital ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. október 2016 sem hann veitti aðstoð við, eins og fram kemur í áritun frá 16. nóvember 2017. Þar kemur meðal annars fram að vaxtaberandi langtímaskuldir nemi rúmum 200.000.000 króna og er um að ræða lán við Arion banka hf., en fyrir liggur að litið var til þessarar skuldar og þess að veltufjármunir voru umfram skammtímaskuldir við gerð sérfræðiskýrslunnar.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að ekki standist að horfa til fyrrgreinds leigusamnings á milli Sameinaðs Sílikons hf. og Geysis Capital ehf. frá 15. júlí 2014 þar sem hann hafi verið á milli tengdra aðila og hafi aldrei verið ætlunin að inna af hendi greiðslur samkvæmt honum. Hafi því ekki falist nein verðmæti í leigusamningnum og hafi stefndi Rögnvaldur Dofri vitað eða mátt vita það. Gerð hefur verið grein fyrir fyrirhuguðum greiðslum samkvæmt leigusamningnum, eins og samið var um þær 15. júlí 2014. Jafnframt hefur verið gerð grein fyrir viðauka við leigusamninginn frá 14. nóvember 2014 þar sem gert var ráð fyrir því að leigutaki skyldi aðeins greiða leigusala leigu sem næmi greiðslu samkvæmt lánasamningi Geysis Capital ehf. við Arion banka hf., sem og því að sá hluti sem ekki kæmi til greiðslu skyldi mynda skuld leigutaka við leigusala. Ráðið verður af gögnum málsins að þessi breyting á leigugreiðslum hafi tengst vilja lánveitandans Arion banka hf., en sama dag greiddi Geysir Capital ehf. upp lán við bankann sem hafði verið yfirtekið við kaup félagsins á lóðinni með nýjum lánasamningi sem nam 1.500.000 evrum.

Þau gögn sem liggja fyrir bera með sér að leigugreiðslur hafi verið inntar af hendi á þessum grunni, að minnsta kosti að hluta og umfram þá fjárhæð sem nemur virðisaukaskatti. Það fær meðal annars stoð í yfirliti úr bókhaldi Geysis Capital ehf. vegna viðskipta við Sameinað Sílikon hf. þar sem sjá má greiðslur sem eru merktar með textanum „Gr. USI“, sem og upplýsingum á bankareikningi Geysis Capital ehf. þar sem sjá má innborgarnir frá Sameinuðu Sílikon hf. þessu til samræmis. Tekið skal fram að umræddur bankareikningur er tilgreindur sem veltureikningur í eigu Sameinaðs Sílikons hf., en hann var í eigu Geysis Capital ehf. fram til þess tíma sem fyrrgreinda félagið tók yfir síðargreint félag. Að þessu virtu verður með engu móti fallist á að samningsaðilar hafi ákveðið fyrir fram að ekki skyldi greiða leigu samkvæmt samningnum. Þá telur dómurinn þá staðreynd að stefnt var að því að lóðin, sem var nauðsynleg starfsemi Sameinaðs Sílikons hf., rynni inn í félagið ekki sýna að ætlunin hafi verið að greiðslur samkvæmt leigusamningnum skyldu ekki fara fram. Á þeim tíma sem um ræddi lá ekkert fyrir sem gaf endurskoðandanum tilefni til að ætla að leigusamningurinn væri ekki skuldbindandi þannig að horfa bæri framhjá honum við mat á verðmæti Geysis Capital ehf. Gildir þar einu þó hann hafi vitað að félögin tvö kynnu að sameinast og að það hafi verið fyrirætlan þeirra sem stóðu að baki verkefningu, enda fellur það ekki að skyldum endurskoðanda að reisa mat sitt á þáttum sem óvissa ríkir um, svo sem mögulegum samruna tengdra aðila. Þá er ljóst að heimild til afnota af lóðinni til þeirra nota sem henni voru ætluð hafði fjárhagslegt gildi. Samkvæmt framangreindu verður ekki fallist á að stefnda Rögnvaldi Dofra hafi borið að horfa framhjá leigusamningnum við gerð sérfræðiskýrslunnar og mat á verðmæti hluta í Geysi Capital ehf. Þvert á móti telur dómurinn að þessi þáttur hafi haft verulega þýðingu við mat á verðmæti hluta í félaginu, eins og lagt var til grundvallar í virðismati stefnda Ernst & Young og matsgerð dómkvadds matsmanns.

Það er ljóst að í sérfræðiskýrslunni, sem og því verðmati sem lá henni til grundvallar, var ekki gert ráð fyrir öðrum skuldum en um 200.000.000 króna skuld samkvæmt lánasamningi við Arion banka hf. Það kemur engu að síður fram í árshlutareikningi að aðrar viðskiptaskuldir hafi numið rúmum 200.000.000 króna. Af hálfu stefndu er byggt á því að stærstur hluti þessarar skuldar eða um 201.004.000 krónur að höfuðstól sé vegna skuldar við Reykjaneshöfn samkvæmt samningi við Stakksbraut 9 ehf. um lóðargjöld

frá 18. apríl 2012. Áður hefur verið rakið að með leigusamningi Sameinaðs Sílikons hf. og Geysis Capital ehf. frá 15. júlí 2014 hafi verið samið um að leigusalinn, Geysir Capital ehf., tæki yfir umræddan samning og greiðslu á gjöldum vegna lóðarinnar og að hann skyldi „krefja leigutaka um greiðslur samkvæmt samningnum þegar þær falla í gjalddaga“, sbr. grein 1.3. Skuld samkvæmt þessu nam 162.100.000 krónum, en 201.004.000 krónum með virðisaukaskatti. Samkvæmt þessu var ekki gert ráð fyrir því að skuldir gagnvart Reykjaneshöfn hvíldu endanlega á Geysi Capital ehf., heldur skyldi Sameinað Sílikon hf. jafnóðum krafið um greiðslu. Í aðilaskýrslu stefnda Rögnavaldrar Dofra var því meðal annars lýst að ekki hefði verið um að ræða skuld sem Geysir Capital ehf. hafi átt að greiða heldur í reynd skuld Sameinaðs Sílikons hf. Hefði hann því ekki talið að líta bæri til skuldarinnar við gerð sérfræðiskýrslunnar. Þá hefði í ársreikningi 2016 fyrir mistök verið gert ráð fyrir skuldbindingu Geysis Capital ehf. gagnvart Silicon Mineral Ventures B.V. vegna samnings félagsins við Stakksbraut 9 ehf. frá 31. janúar 2014 um einkasölu og sölutryggingu á framleiðslu verksmiðjunnar. Það verður ráðið af gögnum málsins að vegna þessa hafi reikningur að fjárhæð 1.500.000 evrur, dagsettur 23. maí 2014, verið sendur Geysi Capital ehf. Þá hafi skuldbindingin verið færð sem eign að verðmæti 1.500.000 evrur eða 231.000.000 króna og samsvarandi skuld við Silicon Mineral Ventures B.V. í bókhaldi Geysis Capital ehf. Þá liggur fyrir að með þríhliða samningi Geysis Capital ehf., Silicon Mineral Ventures B.V. og Kísils Íslands hf. frá 31. október 2016 voru skuldbindingar samkvæmt þessum samningi framseldar síðastgreindu félagi. Ekki verður annað séð en að frá þeim tíma hafi umrædd skuldbinding verið Geysi Capital ehf. óviðkomandi. Við samruna Sameinaðs Sílikons hf. og Geysis Capital ehf. sem miðaðist við 1. janúar 2017 voru eignir og skuldir lækkaðar um 231.000.000 króna eins og fram kemur í millifærslum í samrunaefnahagsreikningi. Þessi millifærsla styður að eign þessi og samsvarandi skuld hefðu með réttu ekki átt að vera í efnahagsreikningi Geysis Capital ehf. þann 31. desember 2016. Samkvæmt þessu telur dómurinn gögn málsins styðja að skuldir sem nema um 400.000.000 króna og sem stefnandi telur hafa hvílt á Geysi Capital ehf. hafi ekki gert það þegar sérfræðiskýrslan var unnin. Þá geta röksemdir stefndu um að það hafi eða kunni að hafa skort á umboð þeirra aðila sem stóðu að baki framangreindum samningum ekki haft þýðingu, enda liggur ekkert fyrir um að endurskoðandinn hafi haft vitneskju um slíkt.

Að þessu virtu telur dómurinn að hvorki hafi verið sýnt fram á að umrædd sérfræðiskýrsla hafi verið byggð á röngum forsendum þar sem tekið hafi verið mið af leigusamningi sem ekki var ætlað að efna eða þar sem láðst hafi að taka tillit til skulda sem höfðu þýðingu við verðmætið. Af hálfu stefnanda hefur verið byggt á því að mat KPMG á verðmæti Geysis Capital ehf. sem stefnandi aflaði renni stoðum undir að sérfræðiskýrslan standist ekki. Hvað þetta varðar dugar að taka fram að í umræddu mati var byggt á ársreikningi vegna ársins 2016 og var því meðal annars litið til skuldbindinga sem ekki hvíldu samkvæmt framangreindu á félaginu þegar sérfræðiskýrslan var unnin. Þá er til þess að líta að sjóðstreymismat á verðmæti félaga tekur mið af ýmsum breytum, svo sem ávöxtunarkröfu og áætluðum rekstrarkostnaði, sem eru háðar mati og geta breytingar á þeim haft umtalsverða þýðingu fyrir niðurstöðuna. Þetta má meðal annars sjá af niðurstöðum fyrirliggjandi matsgerðar dómkvaddis matsmanns sem áður hefur verið gerð grein fyrir, en þar voru sýnd hver áhrif þess að breyta forsendum um ávöxtunarkröfu og rekstrarkostnað eru á verðmætið, svokölluð næmnigreining.

Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn ekki hafa verið sýnt fram á að stefndi Rögvaldur Dofri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gerð sérfræðiskýrslunnar sem var unnin í tengslum við hlutafjánhækkun í Sameinuðu Sílikoni hf., en það er frumskilyrði þess að bótaábyrgð stefndu geti komið til álita. Þegar af þessari ástæðu verða stefndu sýknaðir af kröfu stefnanda og þarf þá ekki að taka afstöðu til annarra röksemda stefndu, svo sem um að ekki hafi verið sýnt fram á tjón stefnanda.

Að teknu tilliti til þessa og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins hæfilega ákveðinn 3.500.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari ásamt Ástráði Haraldssyni héraðsdómara og Lárusi Finnbogassyni löggiltum endurskoðanda.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, Rögnvaldur Dofri Pétursson og Ernst & Young ehf., eru sýknaðir af kröfum stefnanda, þrotabús Sameinaðs Sílikons ehf.

Stefnandi greiði stefndu óskipt 3.500.000 krónur í málskostnað.